



STEFNA OG STARFSÁETLUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS  
REYKJAVÍKURBORGAR 2015





**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið

**Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015**

Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS  
Ritstjórn: Ragnar Þorsteinsson, Valgerður Janusdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Kristján Gunnarsson og Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir.  
Umsjón með útgáfu og vef: Guðrún Hjartardóttir og Sigrún Björnsdóttir  
Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir o.fl., úr ljósmyndasafni SFS.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós .....	4
Hlutverk .....	4
Stefnukort.....	5
Inngangur .....	6
Fimm umbótaþættir 2015 .....	7
Málproski, læsi og lesskilningur.....	8
Verk-, tækni- og listnám .....	10
Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	12
Fjölmening.....	14
Gæði og fagmennska.....	16
Aðrir áhersluþættir.....	18
Skorkort .....	24
Fjárhagsáætlun, lykiltölur og magntölur .....	27
Fylgiskjöl .....	32


## Leiðarljós

Að börnum og ungmennum í borginni  
líði vel, fari stöðugt fram og  
þau öðlist uppeldi og menntun  
fyrir líf og starf.

## Hlutverk

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

## Stefnukort



## Inngangur

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar kemur nú út með nýju sniði. Hún er sett upp sem vefsvæði á vef Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/stefna-og-starfsaaetlun-2015> og einnig í prentvænni útgáfu (PDF skjali). Stefnukort sviðsins er hið sama og undanfarin ár og endurspeglar þá meginþætti sem stefnt er að til framtíðar. Við gerð starfsáætlunar þarf ávallt að horfa til þessara þátta.

Á starfsárinu 2015-2016 er lögð áhersla á fimm meginumbótþætti:

- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu
- Gæði og fagmennsku

Þessu plaggi er ætlað að vera leiðbeinandi viðmið fyrir starfsstaði skóla- og frístundasviðs við gerð eigin starfsáætlana. Gert er ráð fyrir að hver og einn starfsstaður setji fram markmið og áætlun um aðgerðir sem byggja meðal annars á umbótáttunum fimm.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að vinna að eftirfarandi 18 áhersluþáttum í skóla- og frístundamálum á næstu fjórum árum 2015-2019.

1. Nemendamiðað skólastarf (Umbótáttur 2015, undir liðnum lýðræði, jöfnuður, mannréttindi)
2. Efling læsis og lesskilnings í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi (Umbótáttur 2015)
3. Þverfaglegt samstarf leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og frístundamiðstöðva
4. Eftirsóknarvert og hvetjandi starfsumhverfi
5. Nýjar aðalnámskrár grunnskóla og leikskóla og stefnumótun um framtíðarhlutverk frístundamiðstöðva
6. Samþætting skóla- og frístundastarfs
7. Gæði og fagmennska í skóla- og frístundastarfi (Umbótáttur 2015)
8. Virkir foreldrar
9. Bætt þjónusta við barnafjölskyldur
10. Vinsamlegt samfélag og forvarnir
11. Ráðgjöf og stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi margbreytileikans
12. Jöfnuður, mannréttindi og lýðræði (Umbótáttur 2015)
13. Heilbrigði og vellíðan
14. Menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum
15. Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni
16. Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða
17. Rannsóknir og þróun í skóla- og frístundamálum og þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum
18. Umbætur með mati á skóla- og frístundastarfi

Nánari skýringar áhersluþáttunum átján eru í fylgiskjali 23. Í kafla um fimm umbótáttum 2015, hér á eftir, er fjallað sérstaklega um hvern umbótátt.

## Fimm umbótaþættir 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ætlar að vinna að fimm umbótaþáttum á starfsárinu 2015-2016. Þættirnir eru:

- Málþroski, læsi og lesskilningur
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmennung
- Gæði og fagmennska



## Málþroski, læsi og lesskilningur



Einn af grunnþáttum menntunar í nýjum aðalnámskrám er læsi í víðum skilningi. Bent er á að örur samfélagsbreytingar og tækniþróun hafi breytt því umhverfi sem skapar börnum og ungmennum merkingu við lestur og ritun.

Stefnumótun um læsi og lestrarnám er einn af lykilþáttum þess að árangur náist. Leggja þarf samfellda áherslu á málrækt og málörvun allra barna alla skólagönguna og læsi í víðum og hefðbundnum skilningi þess orðs í skóla- og frístundastarfi.

Læsisstefna fyrir leikskóla borgarinnar var samþykkt í byrjun árs 2013, en áður hafði lestrarstefna fyrir grunnskólana tekið gildi. Skólunum er ætlað að gera læsis- og lestraráætlanir og mælst er til þess að leik- og grunnskólar í sömu hverfum geri áætlun um samstarf til að efla málþroska og læsi.

Íslenskar og erlendar rannsóknir staðfesta að samhengi er á milli málþroska og læsis elstu leikskólabarnanna og lestrarfærni þeirra síðar á skólagöngunni. Einnig hafa komið fram í rannsóknum vísbendingar um að mikilvægt sé að veita markvissan stuðning þeim börnum sem lent geta í erfiðleikum með þróun máls og læsis. Mikilvægi þess að skólarnir vinni með foreldrum að því að efla málþroska og læsi barna er einnig staðfest með rannsóknum, ekki síst með þeim foreldrum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Nýjar rannsóknarniðurstöður sýna jafnframt að sá tími, sem börn með annað móðurmál en íslensku, eru í íslensku málumhverfi skiptir miklu máli fyrir möguleika þeirra til að ná árangri í íslenskum skólum. Fyrir þau börn skiptir máli að skólar leitist við að styðja foreldra við að viðhalda og þróa móðurmál barna um leið og þau ná betri tókum á íslensku sem öðru máli, en þannig er stuðlað að virku tvítyngi.

Fagráð um leiðir til að efla læsi tók til starfa haustið 2014. Það hefur lagt fram tillögur um leiðir til að efla lestrarfærni og lesskilning grunnskólabarna, og málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi leikskólabarna. Verkefni fagráðsins eru að benda á árangursríkar aðferðir til að efla málþroska og læsi sem studdar eru fræðilegum rökum. Einnig á það að endurskoða fyrirkomulag málþroska- og lesskímanna í skólum borgarinnar og leggja fram tillögur til úrbóta. Þá á fagráðið að leggja áherslu á aðgerðir til að styðja við bakið á þeim nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.



### Markmið um málþroska, læsi og lesskilning

- Að stefna að því með markvissum aðgerðum að öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.
- Að skapa samfellu í málþroska og móðurmálsnámi meðal annars með því að fjölga samstarfsverkefnum í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.
- Að börn og unglingar verði gagnrýnir notendur fjölmiðla, s.s. samfélagsmiðla, og meðvituð um mótunaráhrif þeirra og vald.
- Að í öllu skóla- og frístundastarfi sé áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

### Verkefni skrifstofu SFS

- Framfylgja tillögum fagráðs um leiðir til að efla læsi.
- Efla faglega ráðgjöf til allra starfsstaða um málþroska, læsi og lesskilning, meðal annars með því að standa fyrir skipulagðri fræðslu, námskeiðum og lengri símenntun fyrir fagfólk.
- Styðja skóla og frístundamiðstöðvar við að setja sér skýr markmið í aðgerðum til að efla málþroska, læsi og lesskilning barna og ungmenna.
- Kynna fjölbreyttar leiðir við læsiskennslu og miðla upplýsingum um áhugaverð læsisverkefni og leiðir í kennslu.
- Kalla eftir samstarfsáætlunum leik- og grunnskóla um málþroska og læsi.
- Nýta þau tækifæri sem gefast í frístundastarfi, bæði við mörk skólastiga og síðar, til að styðja við og vinna með þróun máls og læsis.
- Miðla til foreldra upplýsingum um málþroska, lestur og lesskilning og mikilvægi þess að þeir séu virkir í samstarfi við skólana.
- Forgangsraða fjármagni í þágu lestrar- og læsis og styðja skóla við innleiðingu nýrrar tækni með því meðal annars að stuðla að því að námsbækur og annað kennsluefni verði aðgengilegt í spjaldtölvum.
- Virkja sérfræðiráðgjöf þjónustumiðstöðva borgarinnar, s.s. þegar farið er yfir niðurstöður skimana og prófana, og tryggja þannig stuðning fyrir börn sem þurfa á snemmtækri íhlutun að halda.
- Byggja enn frekar upp skólabókasöfnin og efla starf þeirra, s.s. með nýrri tækni.
- Kalla eftir öllum læsis- og lestraráætlunum og meta þær út frá stefnumörkun, aðalnámsskrám beggja skólastiga og tillögum fagráðs um læsi.
- Halda áfram með innleiðingu á læsisstefnu leikskóla.
- Nýta rannsóknaniðurstöður um skil skólastiga og um mikilvægi leikskólastigsins í þróun máls og læsis.

### Mæling á árangri

- Viðhorf til og gagnsemi af fræðslu og stuðningi til starfsfólks um málþroska og læsi.
- Viðhorf barna og unglinga til lesturs og nýting þeirra á nýrri tækni við nám/frístundir.
- Hlutverk og viðhorf foreldra í tengslum við eflingu málþroska og læsis.
- Mat á innihaldi og virkni læsis- og lestraráætlana og samstarfsáætlana skólastiganna um læsi út frá settum viðmiðum.
- Niðurstaða í lesskimunum og samræmdum könnunarprófum.

## Verk-, tækni- og listnám



Í nútímasamfélagi eru gerðar auknar kröfur um fjölbreytta hæfni, þekkingu og getu einstaklinga á ólíkum sviðum. List-, tækni- og verkgreinar eru mikilvægur í allri menntun, ekki síður en bóklegar greinar og eru gjarnan vettvangur fjölbreyttra og skapandi viðfangsefna. Námsgreinar sem flokkast undir verk-, tækni- og listnám hafa á stundum þótt standa höllum fæti gagnvart bóklegum greinum. Þá hefur sókn ungmenna í verklegt nám að loknum grunnskóla farið þverrandi á sama tíma og flest íslensk ungmenni sækja framhaldsskóla en velja þá að taka bóklegar námsbrautir fram yfir verklegar. Rannsóknir sýna að brotthvarf íslenskra ungmenna úr framhaldsskólum er meira en gengur og gerist í öðrum löndum, sem bendir meðal annars til þess að þau hafi upphaflega ekki valið sér nám sem hentaði þeim.

Sköpun er einn af grunnþáttum í aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Í skapandi starfi er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð þar sem tækifæri gefast til að vinna með fjölbreytilegan efnivið. Börn og ungmenni eiga val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum og nýir miðlar og tækni eru nýtt á áhugaverðan og skapandi hátt.

Mikilvægt er að hlúa í auknum mæli að eflingu verk-, tækni- og listnáms í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að efla áhuga barna og ungmenna á þeim möguleikum sem felast í því að mennta sig á þeim sviðum eftir formlegum og óformlegum leiðum.

### Markmið um verk-, tækni- og listnám

- Að skapandi starf sé grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Að jafna tækifæri barna til verk-, tækni- og listnáms í hverfum borgarinnar.
- Að börn og unglingar fái fleiri tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Að upplýsingatækni sé nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Að unglingar fái tækifæri til að fá verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

### Verkefni skrifstofu SFS

- Skoða stöðuna á verk-, tækni- og listnámi á starfsstöðum SFS.
- Vinna stefnumótun þvert á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf í tengslum við grunnþáttinn sköpun.
- Hvetja starfsstaði til aukins samstarfs og samnýtingar á aðstöðu, bæði sín á milli og þvert á starfsemi, þ.e. leikskóla, grunnskóla og frístundastarf.
- Stuðla að og hvetja starfsstaði til að vinna að þróunarverkefnum á sviði verk-, tækni- og listgreina og samþætta þær öðru námi og viðfangsefnum.

### Mæling á árangri

- Hlutfall verk-, tækni- og listgreina í valgreinum unglinga.
- Greining á innihaldi og virkni samstarfsverkefna starfsstaða í verk-, tækni- og listgreinum.
- Viðhorf barna og unglinga til verk-, tækni- og listnáms.
- Greining á dagsskipulagi í frístundaheimilum og dagskrá félagsmiðstöðva, m.t.t. framboðs verk-, tækni- og listgreina.
- Greining á dreifingu tónlistarnemenda eftir hverfum.
- Notkun upplýsingatækni í skapandi starfi í leikskólum.

## Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi



Ísland hefur lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem lýðræði, jafnrétti og mannréttindi eru grundvallarþættir. Skýrt er kveðið á um rétt barna og unglunga til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í ákvörðunum um sína hagsmuni. Skóla- og frístundastarf í Reykjavík ætti því að hafa að meginverkefni að efla aðkomu barna og unglunga að ákvörðunum og umræðu um verklag og framþróun.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli í samvinnu við heimilin búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem sé í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af lýðræðislegu samstarfi. Í lögum um leikskóla segir meðal annars að starfshættir skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti og lýðræðislegu samstarfi. Þá er kveðið á um það í lögum um jafna stöðu kynja að kynjasambættingar skuli gætt við allt skóla-, uppeldis- og frístundastarf og að nemendur á öllum skólastigum skuli fá fræðslu um jafnréttismál. Í starfsskrá frístundamiðstöðva SFS er lögð áhersla á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu til þátttöku í frístundastarfi.

Meginforsenda lýðræðis er að börn og unglingar læri um lýðræði með því að starfa í lýðræði. Það sama á við um mannréttindi og jafnrétti. Starfshættir í skóla- og frístundastarfi þurfa að endurspeglar þessa þætti líkt og kveðið er á um í stefnu um skóla án aðgreiningar og í stefnu um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf.

Áhersla á lýðræði, jafnrétti og mannréttindi eru að auki í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem leggur ríkar skyldur á starfsstaði að sinna þessum þáttum með markvissum hætti í öllu sínu starfi, meðal annars með því að huga sérstaklega að jafnrétti kynja.

Það er því augljóst að líta verður á lýðræði, jafnrétti og mannréttindi sem undirstöður í öllu námi, enda eru þessar áherslur meðal sex grunnþátta menntunar. Þeir eru jafnframt lykiláherslurþættir í starfsáætlunum leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

### Markmið um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Að börn og ungmenni séu með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Að borin sé virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Að lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og að börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

### Verkefni skrifstofu SFS

- Styðja við starfsstaði og fagfólk í skóla- og frístundastarfi og efla í því að vinna með börnum og unglingum með lýðræði, jöfnuð, jafnrétti og mannréttindi.
- Koma á fót og viðhalda öflugum vef, jafnrettistorg.is, sem fjalla mun um jafnrétti í víðum skilningi í skóla- og frístundastarfi.
- Vinna stefnumótun þvert á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf i tengslum við grunnþættina jafnrétti, mannréttindi og lýðræði.
- Styðja starfsstaði í að innleiða barnasáttmálann í starfseminu.
- Nýta ytra mat til að fylgjast með því hvernig unnið er með jafnrétti, mannréttindi og lýðræði.

### Mæling á árangri

- Viðhorf starfsfólks til lýðræðislegrar samvinnu og lýðræðislegs námsumhverfis.
- Raunveruleg áhrif barna og ungmenna á skipulag og innihald náms og frístundastarfs.
- Viðhorf barna og unglunga til grunnhugtaka um lýðræði og mannréttindi og kortlagning á samfélagslegum gildum.
- Greining á framsetningu markmiða um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi í starfsáætlunum/skólanámskrám.
- Viðhorf foreldra til lýðræðislegrar samvinnu í skóla- og frístundastarfi og inntaks foreldrasamstarfs.



## Fjölmenning



Í fjölmenningarstefnu SFS er sett fram leiðarljós í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi; *að öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og fái tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu.* Markmið fjölmenningarstefnunnar taka mið af gildandi lögum, aðalnámskrá leik- og grunnskóla, starfsskrá frístundamiðstöðva, mannréttindastefnu borgarinnar, ýmsum alþjóðasamningum s.s. barnasáttmála SP og nýjustu rannsóknum og fræðum á sviði fjölmenningarlegs skóla- og frístundastarfs.

Í grunnskólalögum segir að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli um leið og stutt er við þróun móðurmálsins og stefnt að virku tvítyngi. Fram kemur að grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Í lestrarstefnu grunnskóla borgarinnar og læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, er ennfremur lögð áhersla á virkt tvítyngi, þ.e. að um leið og börn nái aukinni færni í íslensku sem öðru máli þá styðji skólinn við móðurmálskunnáttu þeirra í góðu samstarfi við foreldra.

Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að menntun og fræðsla á vegum borgarinnar eigi að taka mið af þörfum fjölbreyttra fjölskyldna og að „fjölbreytni og marbreytileiki samfélagsins hljóti kynningu í starfi með börnum og ungmennum“ þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna heimamenningu sína. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er jafnframt kveðið á um að börn sem tilheyri minnihlutahópum skuli gert kleift að njóta eigin menningar, iðka eigin trú eða nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.

Í fjölmenningarstefnu SFS, sem innleidd verður á næstu þremur árum, eru settar fram þrjár meginstoðir. Í fyrsta lagi að starfsfólk tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og starfsaðferðir, í öðru lagi að stuðlað sé að góðri og markvissri kennslu íslensku sem annars máls frá upphafi leikskólagöngunnar til loka grunnskólans. Um leið skuli leitað leiða til að vinna með fjölbreytt móðurmál. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnamiðaðar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla hindri samstarf.

### Markmið um fjölmenningu

- Að með fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum sé komið til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Að lögð sé áhersla á gagnvirk samskipti og tækifæri barna af erlendum uppruna til að standa jafnfætis öðrum, með virðingu að leiðarljósi.
- Að öll börn nái árangri í íslensku og að börn með annað móðurmál öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.
- Að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og leiti leiða til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi.

### Verkefni skrifstofu SFS

- Innleiða stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.
- Veita fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi markvissan stuðning, s.s. með fræðslu til starfsfólks.
- Nýta ytra mat til að fylgjast með því hvernig unnið er með leiðarljós sviðsins í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi.
- Nýta niðurstöður könnunar frá 2014 á fjölmennningarlegu leikskólastarfi til að vekja athygli á mikilvægi samstarfs við ólíka foreldra.
- Þjóða upp á námskeið, efnivið og hugmyndir til að vinna með virkt tvítyngi.
- Veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning í foreldrasamstarfi til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla standi í vegi fyrir námi og vellíðan barna og ungmenna.
- Fylgja eftir mati á stöðu nemenda af erlendum uppruna, *Milli mála*.
- Auka samstarf við framhaldsskólastigið með það fyrir augum að draga úr brottfalli nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólanámi.
- Kortleggja þátttöku barna á frístundaheimilum og leita leiða til að fleiri börn nýti hana.

### Mæling á árangri

- Viðhorf til og gagnsemi af fræðslu og stuðningi til starfsfólks um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, áhrif á starfshætti, þekkingu og viðhorf.
- Kortleggja kennslu í eigin móðurmáli barna og unglunga af erlendum uppruna, á starfsstöðum SFS og á vegum annarra aðila, fjölda barna, fjölda tíma, fjölda tungumála og námsform.
- Skoða sértækar leiðir sem starfsstaðir nýta sér til að ná til foreldra barna af erlendum uppruna.
- Viðhorf foreldra barna af erlendum uppruna til skóla- og frístundastarfs.

## Gæði og fagmennska



Það er sérlega mikilvægt í skóla- og frístundastarfi barna og ungmenna að gæði og fagmennska einkenni starfshætti og að starfsfólk sé umbótamiðað í daglegu starfi. Nýjungar og þróun í starfsháttum þurfa að ná til barna og ungmenna þannig að þeim standi til boða námsumhverfi þar sem þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til þess að geta veitt faglega þjónustu þarf virkt nýbreytni- og umbótastarf sem nær til allra starfsstaða, til allra starfsmanna og til daglegs starfs með börnum og ungmennum.

Það krefst meðvitaðs og samstillts átaks allra sem í hlut eiga að auka gæði og árangur, þroska og vellíðan barna og ungmenna. Mikilvægt er að líta til framtíðar og skipuleggja hvert skuli stefnt og hvaða leiðir eigi að fara að því marki. Meta þarf hvort aðgerðir skili tilætluðum árangri. Til þess að það sé hægt þarf að meta árangurinn á raunhæfan hátt og er þá lykilatriði að hafa skýra stefnu og markmið. Stefnt er að því að mat á því hvernig til hefur tekist og umbætur í kjölfarið verði staðlað verklag hvernar starfseiningar sviðsins.

Endurgjöf stjórnenda til starfsfólks er mikilvægur þáttur í að efla fagmennsku en rannsóknir sýna (s.s. McKinsey&Company, 2007 og 2010) að markviss endurgjöf eykur sjálfstraust í starfi, starfsánægju og áhugahvöt. Mikilvægt er að skapa andrúmsloft/vinumenningu þar sem starfsfólk er tilbúið í nýja starfshætti og reglulega skoðun á vinnubrögðum sínum til að stuðla að fagmennsku og gæðum í starfi.

Lögð er áhersla á markviss og stefnumiðað samstarf milli starfsstaða SFS og annarra lykilaðila í umhverfi barnsins til að hámarka tækifæri þess til þroska og náms og tryggja samræmi í þjónustu þvert á borgina.



### Markmið um gæði og fagmennsku

- Að hver starfsstaður hafi skýra sýn og hafi sett sér stefnu og markmið til lengri tíma.
- Að markmið og leiðir starfsstaða byggji á stefnu, markmiðum og umbótaþáttum SFS og séu tilgreind í starfsáætlunum þeirra.
- Að skilgreind séu viðmið um árangur og markmið metin reglulega.
- Að símenntun starfsfólks taki mið af umbótaþáttum starfsáætlunar.
- Að mat og endurgjöf séu fastir liðir í starfi stjórnenda.
- Að starfsstaðir vinni að þróunarstarfi og virkri nýbreytni í starfsháttum.

### Verkefni skrifstofu SFS

- Halda námskeið í stefnumótun og markmiðssetningu og veita stuðning og eftirfylgni við starfsstaði við stefnumótun og starfsáætlunargerð. Veita starfsstöðum stuðning við að móta sér viðmið um árangur og gæði.
- Kalla eftir starfsáætlunum starfsstaða og fylgja eftir markmiðum og aðgerðum til umbóta.
- Styðja við jafningjasamstarf og þekkingarmiðlun á milli starfsstétta og starfsstöðva.
- Innleiða innra mat á frístundastarfi út frá viðmiðum og vísbindingum um gæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- Styðja við innleiðingu innra mats á öllum starfsstöðvum SFS, s.s. með námskeiðum og endurgjöf.
- Afla reglulega upplýsinga um stöðu innra mats á heimasíðu starfsstaða.
- Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fari í ytra mat.
- Gera ytra mat á starfsstöðum SFS og draga fram styrkleika og tækifæri til umbóta.

### Mæling á árangri

- Fjöldi starfsstaða sem nýta gæðaviðmið við skipulagningu starfs.
- Fagleg leiðbeining og endurgjöf til starfsfólks, virkni og innihald.
- Viðhorf starfsfólks til nýjunga og breytinga á starfsháttum, leiða þróunarverkefni, símenntun og fræðsla til breyttra starfshátta.
- Teymisvinna á starfsstöðum SFS, útbreiðsla, viðhorf, árangur.
- Kortleggja samvinnu og samráð starfsstaða við aðra starfsstaði, foreldra, stofnanir, framhaldsskóla, frístundaaðila og aðra aðila í því verkefni að auðga nám barna.
- Gera úttekt á stöðu innra mats á öllum starfsstöðum.

## Aðrir áherslupættir

### **Pverfaglegt samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.**

Frá stofnun skóla- og frístundasviðs hafa stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverju hverfi mótað með sér samráðsvettvang með það að markmiði að efla samkennd og samráð, félagsauð hverfisins og styrkja samstarfsnet starfseininga innan sviðsins. Þetta samráð hefur fengið á sig ýmis nöfn, s.s. *Vesturbæjarflétta*, *Austurbæjarlaufa* og *Breiðholtsbylgja*. Stjórnendur og starfsfólk allra starfsstaða í hverju hverfi stefnir á að hittast að minnsta kosti einu sinni á önn og halda sameiginlega starfsdaga/fræðslu. Til að styðja þetta voru stjórnendafundir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva endurskoðaðir fyrir vorönn 2015. Í stað mánaðarlegra funda leikskólastjóra, grunnskólustjóra og stjórnenda frístundamiðstöðva, funda fagstýrur á fagskrifstofu SFS með stjórnendum í hverju hverfi tvisvar á önn þar sem lögð er áhersla á samstarf og samþættingu. Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva sitja þessa hverfafundi. Á árinu 2015 verður áherslan lögð á að styðja og byggja upp þetta samráð og samstarf.

### **Eftirsóknarvert og hvetjandi starfsumhverfi.**

Lögð verður áhersla á að veita stjórnendum ráðgjöf, símenntun og stuðning þannig að þeir geti sem best sinnt stjórnunarhlutverki sínu og byggt upp vinnustaði þar sem menningin endurspeglar hvatningu, fagmennsku og metnað.

Áhersla verður lögð á að stjórnendur leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðva nýti sér mat og greiningar á starfsháttum og menningu. Þá verður viðhorfskönnun lögð fyrir starfsfólk á vorönn og niðurstöður nýttar til þess að meta árangur og fylgja eftir þeim verkefnum sem snúa að betra vinnuumhverfi og mannauðsstjórnun. Unnið verður með niðurstöður ytra mats á leikskólum, grunnskólum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum og tekið mið af greiningu á þeim þáttum sem valda álagi á starfsfólk svo og leiðum til að efla heilsu þess.

Áhersla verður lögð á vinnurétt og verður stjórnendum veitt ráðgjöf og fræðsla um kjar- og vinnuréttarmál. Þá verður stuðlað að því að stjórnendur nýti sér mannauðskerfin til þess að afla upplýsinga til ákvarðanatöku.

Unnið verður að því að innleiða ákvæði nýrra kjarasamninga og viðverustefnu Reykjavíkurborgar með það að markmiði að draga úr fjarvistum starfsfólks.

Stuðlað verður að því að hver starfsstaður geri áætlanir um símenntun starfsfólks og starfshópa. Boðið verður upp á styttri og lengri fræðslutilboð fyrir ólíka faghópa á sviðinu.

### **Samþætting skóla- og frístundastarfs**

Unnið verður að áætlun um samfelldan skóladag 6-16 ára barna og ungmenna, en starfshópur um þá vinnu var skipaður á vegum borgarstjóra í lok árs 2014. Hópurinn mun kortleggja stöðuna og greina hvað áunnist hefur á undanförunum árum við að búa börnum og unglingum samfelldan og innihaldsríkan skóla- og frístundadag. Einnig verður horft til þeirra fjölbreyttu tækifæra sem eru til útvistar og útináms, íþróttaiðkunar og listnáms um alla borg og gerð áætlun um hvernig megi flétta íþróttir, hreyfingu, listnám og fjölbreyttar tómsstundir inn í samfelldan dag barna og unglunga. Rýnt verður í frístundaakstur á vegum borgarinnar og starfshópnum falið að leggja mat á hugmyndir eða

tilraunverkefni um að hefja skóladað eldri nemenda síðar að morgni og hvort það geti nýst til að ná markmiði um samfelldan og innihaldsríkan skóladað. Starfshópurinn skilar væntanlega skýrslu á haustönn 2015.

Heildarmat á skóla- og frístundastarfi í Dalskóla, Ártúnsskóla og Fellaskóla fer fram á vormisseri 2015 og er það í fyrsta sinn sem slíkt mat er gert, þ.e. þar sem gæði frístundastarfs eru metin samhliða skólastarfi. Niðurstöður verða nýttar til frekari stefnumótunar í skóla- og frístundaþjónustu. Fulltrúar SFS sitja í starfshópi á vegum borgarstjóra sem á að kortleggja frístundaþjónustu í Reykjavík og skilgreina hlutverk og markmið borgarinnar í þeim efnum. Hópurinn á að koma með tillögu að stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík sem innihaldi hugmyndir um hvernig best sér að ýta undir blómlegt félagslíf og frístundir í borginni. Áfangaskýrslu verður skilað í lok apríl.

### **Virkir foreldrar**

Markvisst verður unnið að því að því að upplýsa foreldra svo þeir megi vera ábyrgir og virkir samstarfsaðilar í skóla- og frístundastarfi. Það verður meðal annars gert með því að stuðla að því að allir starfsstaðir vinni í samræmi við samstarfsáætlanir sínar og markmið um foreldrasamstarf. Því verður fylgt eftir í gæðamati og sérstaklega í innra mati skóla og heildarmati. Áhersla verður lögð á þennan þátt í fyrirlestrum og á námskeiðum fyrir stjórnendur og kennara, t.d. um innra mat í skólum. Sendar verða út viðhorfskannanir til forelda í þeim leikskólum sem fara í ytra mat.

Haldið verður áfram að efla *Foreldravefinn* og kynna hann í foreldrasamfélaginu. Markmiðið með vefnum er að stuðla að öflugri upplýsingagjöf til foreldra. Stofnaður verður virkur rýnihópur foreldra sem reglulega svarar spurningum SFS um viðbætur á vefinn.

### **Bætt þjónusta við barnafjölskyldur**

Starfshópur um leiðir til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla var settur á laggirnar haustið 2014. Hann á að skoða lengingu fæðingarorlofs, dagforeldrakerfið, ungbarnaleikskóla og leikskóla og stilla upp mismunandi sviðsmyndum miðað við hvenær leikskólavist barna hefst. Þá á hópurinn að skoða hvaða tækifæri felast í því að innrita börn í 1. bekk í byrjun árs sem og að hausti. Starfshópurinn skilar áfangaskýrslu í mars 2015.

Í fjárhagsáætlun 2015 samþykkti borgarráð 6,26% lækkun á vistunargjöldum í leikskólum. Það er í samræmi við samstarfssáttmála nýs borgarstjórnarmeirihluta um að lækka leikskólagjöld um 100 m.kr.. Lækkunin tók gildi í ársbyrjun 2015. Borgarráð samþykkti einnig 100 m.kr. aukið framlag til systkinaafsláttar sem þýðir m.a. að 50% systkinaafsláttur verður veittur af gjöldum á frístundaheimili ef nemandi á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Aðrir systkinaafslættir verða óbreyttir. Þá hækkuðu frístundakort um 5000 kr. og nema því 35.000 kr. fyrir barn frá og með 1. janúar 2015.

### **Vinsamlegt samfélag og forvarnir**

Starfshópur um *Vinsamlegt samfélag* mun halda áfram samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur um þróunarstarf í leikskólunum Laugasól og Hofi, frístundaheimilinu Laugaseli og Laugarnesskóla. Markmiðið er að innleiða viðhorf og þróa aðferðir sem stuðla að jákvæðum samskiptum starfsfólks og barna, samskiptum sem fela í sér að hafna einelti og takast á við það ef það kemur upp. Starfið felst einkum í símenntun starfsfólks, smíði gagnabanka og upplýsingamiðlun til foreldra. Áætlað er að þróunarstarfinu ljúki vorið 2016 en eftir það verði verkefnið innleitt á fleiri starfstöðum SFS.

Hagnýtum verkefnum og upplýsingum verður áfram safnað á vefsíðu *Vinsamlegs samfélags* og áframhald verður á fræðslu- og umræðufundum með starfsfólki. Áhersla verður lögð á samstarf við námsráðgjafa. Líkt og undanfarin ár verður vakinn athygli á eineltismálum á *Degi gegn einelti* þann 8. nóvember. Starfshópur um *Vinsamlegt samfélag* mun annast önnur verkefni sem tengjast forvörnum vegna eineltis meðal barna í skóla- og frístundastarfi.

*Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar* verður innleidd í hverfum borgarinnar í samstarfi við þjónustumiðstöðvar. Forvarnarteymi starfar á fagskrifstofu SFS og á að hafa heildarsýn yfir forvarnarstarf sviðsins og styðja við starfsstöðvar við framkvæmd *Forvarnarstefnunnar*. Út frá *Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum* er nú unnið að tilraunaverkefninu *Opinskátt um ofbeldi* í Grandaskóla, Gullborg og Undralandi. Markmiðið er að bæta þekkingu barna á því hvað sé ofbeldi, gera þau fær um að ræða opinskátt um ofbeldi og taka afstöðu gegn því. Ennfremur verður starfsfólki á skóla- og frístundasviði boðið upp á fræðslu um barnavernd í samvinnu við velferðarsvið. Forvarnarteymi miðlar upplýsingum um forvarnir til starfsstaða sviðsins. Starfshópurinn mun boða alla náms- og starfsráðgjafa á fund til að ræða hvernig unnið er með einelti í grunnskólunum. Skoðað verður hvað hefur gengið vel í vinnslu eineltismála og hvað mætti fara betur.

#### **Ráðgjöf og stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi margbreytileikans**

Haldið verður áfram að innleiða *stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur*. Unnið verður markvisst með viðhorf í anda þess sem gert var með erindi sem flutt var um reynslu fatlaðs nemanda og foreldris af skólagöngu í leik- og grunnskóla. Í frístundastarfi verður byrjað að innleiða stefnu um frístundastarf án aðgreiningar með fræðslu, handleiðslu og ráðgjöf fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Stofnað var til fyrsta þátttökubekkjans undir stjórn Klettaskóla árið 2013. Stefnt er að því að stofna þrjá slíka bekkir til viðbótar fram til haustsins 2019 og verði þeir þá orðnir fjórir. Tveir þátttökubekkir undir stjórn Brúarskóla eru nú í Grafarvogi og Breiðholti. Unnið verður að stofnun slíkra þátttökubekkjanna fyrir Grafarholt, Árbæ og hverfin vestan Elliðaána fyrir árið 2018. Á starfsárinu er fyrirhugað að starfshópur um *Heildstæða skóla- og frístundaþjónustu við nemendur í Brúarskóla* klári sína vinnu og setji fram tillögur að heildstæðri þjónustu fyrir öll börn og unglíngi í skólanum og frístundaklúbbinum Hlíðinni. Á skólaárinu 2014 – 2015 var aukið við ráðgjafarþjónustu Brúarskóla og verður áfram unnið að því að efla hana.

Vorið 2014 skiluðu grunnskólar í fyrsta sinn heildaráætlunum til fagskrifstofu SFS um þann stuðning sem þeir veita nemendum með fötlun og alvarlegar raskanir. Unnið verður markvisst að því að byggja upp það samstarf þannig að skólarnir skili slíkum áætlunum árlega.

Á árinu 2015 verður unnið áfram með málefni barna/nemenda sem glíma við tal- og málþroskavanda. Meðal annars verður Spráksenter í Baerum í Noregi skoðað og miðlað reynslu af tilraunaverkefnum sem hafa verið unnin í þjónustumiðstöðvunum í Grafarvogi og Breiðholti.

Verkefnastjórar stuðnings og sérkennslu, vinna í auknu mæli saman að ýmsum málum, meðal annars að því að efla samstarf við deildarstjóra skólaþjónustu í þjónustumiðstöðvum, rýna málumhverfi heyrnalausra og heyrnarskertra barna í leik- og grunnskólum og úthluta fjármagni til stuðnings.

Stefnt er að því að stofna viðbragðsteymi vegna grunnskólanema í alvarlegum fíkniefnavanda í samvinnu við Velferðarsvið og Barnavernd. Haustið 2015 fylgir hegðunarráðgjafi í leikskólum þeim börnum eftir sem hann hefur komið að á vormisseri inn í grunnskólann og á frístundaheimlið.

Málstofur hafa verið skipulagðar á vorönn 2015 fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva á vegum þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra. Á starfsárinu verður haldið áfram að kynna og innleiða hugmyndafræði og vinnuaðferðir í frístundastarfi án aðgreiningar. Sérkennurum verður sem fyrr boðið upp á reglulega fræðslufundi, svo og ábyrgðarmönnum sérkennslu í leikskólum.

### Heilbrigði og vellíðan

Stýrihópur um lýðheilsu og heilsueflingu barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi hefur verið settur á lagginar á vegum borgastjóra og mun sviðið halda utan um þá vinnu. Hópnum er ætlað að tryggja að unnið sé samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Embættis landlæknis. Hann mun skila áfangaskýrslu með tillögum um forgangsröðun verkefna vorið 2015 og lokaskýrslu með yfirliti yfir þátttakendur í árslok 2015.

Mötuneytisþjónusta SFS vinnur að því að innleiða þjónustustaðal fyrir mötuneyti skóla- og frístundasviðs sem samþykktur var í borgarráði síðla árs 2012. Einn af þáttunum sem innleiddur er á þessu ári er dagleg næringarsamsetning. Vinna er hafin í þremur skólahverfum af sex og áætlað er að klára innleiðingu í öllum hverfum á árinu 2015. Að því loknu verður haldið áfram með innleiðingu í leikskólum. Jafnframt því er unnið að undirbúningi upplýsingaefnis fyrir frístundamiðstöðvar. Með þessari innleiðingu eru kynntar ítarlegar leiðbeiningar sem byggja á ráðleggingum Embættis landlæknis.

### Menningarstarf í skóla- og frístundastarfi

Mikil áhersla verður lögð á þátttöku barna og ungmenna í lista- og menningarlífi borgarinnar. Markvisst menningaruppeldi og öflug barnamenning er liður í starfsemi allra menningar- og listastofnana borgarinnar og verður á árinu boðið upp á vettvang fyrir fagaðila, fræðslufultrúa samstarfsaðila og starfsfólk SFS til að miðla þekkingu.

Barnamenningarhátíð hefur verið fest í sessi sem opin og fjölbreytt þátttökuhátíð sem fjölmargar starfsstöðvar SFS koma að. Áhersla verður á unglingamenningu og orðlist á opunarhátíð Barnamenningarhátíðar 2015.

Í starfi skólahljómsveita ber helst að nefna innleiðingu á nýjum vinnubrögðum í tónlistarkennslu þar sem möguleikar veflausna eru lagðar til grundvallar. Biophiliu-kennsluverkefnið er orðið að norrænu samstarfsverkefni með auknu umfangi. Munu grunnskólar áfram geta sótt um þátttöku í því.

Samræðuvettvangur menningartengiliða leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva verður styrktur á árinu. Menningarþátttaka barna og ungmenna verður greind á grundvelli gagna sem skilað verður í vor og í kjölfarið gerðar tillögur til úrbóta.

### Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni

Áhersla skóla- og frístundaráðs á umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni er rökrétt framhald á innleiðingu grunnþáttarins *sjálfbærni* og aukinnar þátttöku leik- og grunnskóla í *grænum verkefnum*.

Brýnt er að sviðið sýni frumkvæði við að auka umhverfisvitund yngstu borgaranna, bæta umhverfisstjórnun og styðja við starf leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva, frístundaklúbba, frístundaheimila og skólahljómsveita í viðfangsefnum sem byggja á hugamyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Í takti við aukna áherslu á menntun til sjálfbærni í öllu skóla- og frístundastarfi vinnur starfshópur að því að móta stefnu á því sviði. Búast má við að drög verði tilbúin um mitt ár 2015 og að stefnan verði gefin út á næsta ári að loknu umsagnar- og athugasemdaferli. Ýmsir sérfræðingar hafa komið inn á fundi starfshópsins en í honum eiga sæti fulltrúar frístundamiðstöðva, leik- og grunnskóla, auk sérfræðinga fagskrifstofu.

Unnið er að því að efla enn frekar útinám með ráðgjöf, námskeiðahaldi og stuðningi. Einnig verður hlúð að þeirri fræðslu sem starfsstöðum skóla- og frístundastarfs stendur til boða, s.s. í samstarfi við þriðja aðila.

### **Upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða**

Á haustmisseri 2014 samþykkti skóla- og frístundaráð viðamiklar tillögur er miða að því að auka notkun upplýsingatækni í skólustarfi borgarinnar. Í kjölfarið hefur verið unnið að því að koma í framkvæmd eins og kostur er, áhersluatriðum úr skýrslu starfshóps um notkun snjalltækja í grunnskólum, meta notkun upplýsingatækni í skólustarfi, móta stefnu um upplýsingatækni í leikskólustarfi, styðja við símenntun skólafólks og endurskoða og efla samstarf við UTD.

Mat á notkun upplýsingatækni í grunnskólum borgarinnar fer fram á fyrri hluta árs 2015. Athyglinni verður beint að fyrirkomulagi kennslu, inntaki í skólanámskrám, aðstöðu, búnaði, þjónustu, fagþekkingu, forystu, fyrirmyndarverkefnum og tækifærum til umbóta. Stofnað hefur verið net UT-tengiliða, með fulltrúum frá hverjum grunnskóla borgarinnar, í þeim tilgangi að miðla hagnýtum upplýsingum og varpa ljósi á fyrirmyndarverkefni.

Starfshópur um upplýsingatækni í leikskólustarfi, sem hefur það hlutverk að greina möguleika, framþróun og nýtingu upplýsingatækni í leikskólustarfi, mun skila tillögum sumarið 2015. Starfshópur um betra aðgengi skólafólks að símenntun í upplýsingatækni starfar á vormisseri 2015. Hann á að greina stöðu og gera tillögur að markmiðum og leiðum er greiða fyrir aðgengi skólafólks að fjölbreyttri símenntun og starfsþróun í upplýsingatækni. Sviðið er jafnframt aðili að verkefninu *SAMSPIL 2015*, átaksverkefni *MenntaMiðju* í símenntun skólafólks í upplýsingatækni.

Í auknu samstarfi SFS við UTD felst mat á þjónustu, umbótaverkefni og sameiginleg fræðsla. Meira fjármagn er til búnaðarkaupa og er áhersla lögð á að stjórnendur hafi frelsi til að velja tækjabúnað út frá stefnu og forgangsröðun skólans.

Á vegum sviðsins starfar hópur um myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi og unnið er að verkefnum tengdum ábyrgri hegðun í rafrænum samskiptum. Í skýrslu um framtíð Myndvers SFS koma fram tillögur að áherslubreytingum í starfseminni sem styðja við þá margvíslegu möguleika sem felast í nýrri tækni í námi og kennslu.

Út frá niðurstöðum úr mati, umbótaverkefnum, áherslum starfshópa, samstarfi tengiliða og reynslu af símenntunarverkefnum verður á næstu misserum lögð áhersla á að veita ráðgjöf um ábyrga og árangursríka notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi .

### **Rannsóknir og þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum**

Nú stendur yfir tilraunaverkefni um hvernig nýta megi sem best viðhorfskannanir meðal starfsfólks, foreldra og nemenda í mati á starfsstöðum sviðsins. Spurningalistar eru gerðir með hliðsjón af matsviðmiðum og erlendum könnunum. Stefnt er að því að slíkar viðhorfskannanir verði fastur liður í matsferli allra starfsstaða. Einnig er verið að mynda hóp/vettvang (viðhorfspanel) þar sem úrtak af starfsfólki sviðsins fær sendar spurningar um áhersluþætti og árangursmælingar sviðsins reglulega yfir árið. Áætlað er að fyrsti „panellinn“ taki til starfa haustið 2015. Ör framþróun er í ytra mati starfsstaða og hefur þekking verið sótt í auknum mæli til *Standing International Conference of National and Regional Inspectorates of Education, SICI*, og verður áframhald á því samstarfi á árinu. Áhersla verður lögð á eftirfylgni í kjölfar mats.

